



# Deiliskipulag Vesturlandsvegjar, frá Skarhólabraut að Reykjavegi, í Mosfellsbæ

## Lýsing skipulagsverkefnis

Ágúst 2018



**Efnisyfirlit**

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>2</b>
<b>2</b>	<b>Forsendur deiliskipulags</b>	<b>2</b>
<b>3</b>	<b>Tillaga að deiliskipulagi</b>	<b>2</b>
3.1	Skipulagssvæði	2
3.2	Helstu viðfangsefni deiliskipulags	3
<b>4</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>3</b>
4.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	3
4.2	Samgönguáætlun	3
4.3	Svæðisskipulag 2040	3
4.4	Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030	3
4.5	Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir	4
<b>5</b>	<b>Umhverfismat áætlunarinnar</b>	<b>5</b>
<b>6</b>	<b>Skipulag og samráð</b>	<b>5</b>
6.1	Framsetning gagna	5
6.2	Samráðs og umsagnaraðilar	5
6.3	Helstu tímasetningar	5

## 1 Inngangur

Lýsing skipulagsverkefnis fjallar um nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg innan Mosfellsbæjar. Deiliskipulag tekur til Vesturlandsvegur og veghelgunarsvæðis frá gatnamótum við Skarhólabraut að gatnamótum við Reykjaveg. Lengd skipulagssvæðis er tæplega 2,5 km.

## 2 Forsendur deiliskipulags

Forsenda deiliskipulags er að skipuleggja tvöföldun Vesturlandsvegur frá gatnamótum Skarhólabrautar að Reykjaveg. Á þessum hluta Vesturlandsvegur er síðasti leggurinn í tvöföldun Vesturlandsvegur frá Miklubraut í Reykjavík að gatnamótum Þingvallavegar í Mosfellsbæ.

Tvöföldun vegarins á þessum lokakafla er ætlað að:

- Auka umferðaröryggi.
- Stuðla að samfellu í vegakerfinu.
- Leysa flöskuháls sem myndast á vegarkaflanum á háannatíma, þar sem Vesturlandsvegur breytist frá því að vera 2+2 við Skarhólabraut og verður 1+2 og síðan aftur 2+2.

## 3 Tillaga að deiliskipulagi

### 3.1 Skipulagssvæði

Um er að ræða nýtt deiliskipulag. Gert er ráð fyrir að skipulagssvæði taki til veghelgunarsvæðis Vesturlandsvegur; mögulegrar afmörkunar mislægra gatnamóta; og göngu-, hjóla- og reiðstíga við Vesturlandsveg, eins og Mynd 3.1 sýnir. Gert er ráð fyrir að afmörkun skipulagssvæðis geti breyst í skipulagsvinnunni.



Mynd 3.1 Fyrirhugað deiliskipulagssvæði á loftmynd Loftmynd: Esri.

Lengd svæðisins er tæpir 2,5 km. Veghelgunarsvæði er 30 m frá miðlínu götu.

Á gatnamótum við Skarhólabraut og við Reykjaveg er skipulagssvæðið afmarkað þannig að það taki til svæðis sem myndi þurfa fyrir mislæg gatnamót í samræmi við aðalskipulag. Innan skipulagsmarka eru af- og aðreinar mislægra gatnamóta Vesturlandsvegur, til beggja átta. Ekki eru fyrirhuguð mislæg gatnamót á svæðinu í

nánustu framtíð, en mikilvægt er að horfa til framtíðar og takmarka ekki möguleika til framtíðaruppbyggingar á vegakerfinu.

### 3.2 Helstu viðfangsefni deiliskipulags

Í deiliskipulagi verður fjallað um eftirfarandi atriði og/eða þau skilgreind á deiliskipulagsupprætti:

- Afmörkuð er ný lega Vesturlandsvegjar, tvær akreinar í hvora átt með miðeyju.
- Ný undirgöng undir Vesturlandsveg.
- Núverandi tengingar yfir Vesturlandsveg afmarkaðar á upprætti.
- Veghelgunarsvæði fyrir möguleg mislæg gatnamót.
- Göngu-, hjóla- og reiðstígar með fram Vesturlandsvegi.
- Staðsetning biðstöðvar almenningsgangna við Vesturlandsveg.
- Manir og hljóðvarnir, ef þörf er á.
- Tengsl deiliskipulags við nærliggjandi svæði.

## 4 Tengsl við aðrar áætlanir

### 4.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag er í samræmi við markmið landsskipulagsstefnu um að skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Þá styður skipulag markmið um góða tengingu milli helstu meginkjarna.

Deiliskipulag tekur til veghelgunarsvæðis Vesturlandsvegjar og fjallar um götu, göngu- og hjólaleiðir á svæðinu, einnig sem gert er ráð fyrir að skilgreind verði stöð almenningsgangna við vegin, og tvinnar þannig saman umferðarrými ólíkra ferðamáta.

### 4.2 Samgönguáætlun

Í þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018 kemur fram að gert er ráð fyrir 510 m.kr. fjárveitingu fyrir framkvæmdir við Vesturlandsveg milli Skarhólbrautar og Langatanga, fyrir árið 2018. Ekki er fjallað um Vesturlandsveg milli Langatanga og Reykjavegjar í samgönguáætlun.


### 4.3 Svæðisskipulag 2040

Eitt af markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er að skipulag samgöngukerfis höfuðborgarsvæðisins tryggi skilvirkar samgöngur fyrir íbúa, atvinnulíf og sífellt fleiri gesti. Lögð er áhersla á góð tengsl milli miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu og er Vesturlandsvegur megin leið milli miðkjarna Mosfellsbæjar og annarra miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu.

### 4.4 Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030

Vesturlandsvegur er samkvæmt aðalskipulagi stofnbraut innan sveitarfélagsins. Auk þess er óbyggð svæði innan afmarkaðs skipulagssvæðis. Gatnamót við Skarhólbraut og við Reykjaveg eru bæði skilgreind sem mislæg gatnamót. Þá er gert ráð fyrir að umferð frá Langatanga fari ekki inn á Vesturlandsveg heldur fari undir Vesturlandsveg, í átt að Lágafellskirkju (Mynd 4.1 **Error! Reference source not found.**).

Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er miðað við umferðarspá svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2002-2024. Þar er gert ráð fyrir að umferð á Vesturlandsvegi við



Mynd 4.1 Fyrirhugað deiliskipulagssvæði á aðalskipulagsupprætti Mosfellsbæjar.

Lágafell, milli Skarhólabrautar og Langatanga, verði 48.000 bílar á dag árið 2024 og að umferð á Vesturlandsvegi austan við Langatanga, milli Langatanga og Reykjavegar, verði 39.000 bílar á dag (Tafla 4.1).

Tafla 4.1 (Tafla 3.6.1. bls. 26 í aðalskipulagi Mosfellsbæjar). Umferð um Vesturlandsveg, spá svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2002-2024, endurskoðuð 2004.

<b>Umferð um Vesturlandsveg í Mosfellsbæ</b>			
ÁDU: Ársdagsumferð er meðalumferð á dag yfir árið			
	<b>2006</b>	<b>2012</b>	<b>2024</b>
Vesturlandsvegur við Lágafell:	19.000	40.000	48.000
Vesturlandsvegur austan við Langatanga:	14.000	26.000	39.000
Vesturlandsvegurnorðan Þingvallavegar:	7.000	14.000	28.000
Vesturlandsvegur við Leirvogsa:	6.000	10.000	20.000

Í umferðartölum frá Vegagerðinni kemur fram að ÁDU, árdagsumferð, árið 2017 hafi verið 30.130 bílar á vegarkafli f2, sem nær frá Úlfarsfellsveg að Reykjaveg. Um er að ræða nokkuð lengri vegakafli en skipulagssvæðið og umferðarspá í töflu Tafla 4.1 tekur til. Til samanburðar má nefna að á Vesturlandsvegi frá gatnamótum við Reykjaveg að Þingvallavegi var ÁDU árið 2017 17.038 bílar. Því má ætla að umferð á vegarkafli milli Skarhólabrautar og Reykjavegar sé einhvers staðar þarna á milli og má gera ráð fyrir að umferð árið 2017 hafi ekki náð því magni sem spáð var að fyrir árið 2012.

Í samræmi við umferðarspá aðalskipulags og raunþróun síðustu ára er talin þörf á að ljúka við tvöföldun Vesturlandsvegur á þessum kafli til að leysa flöskuháls sem myndast á háannatíma á vegarkafli, til að stuðla að samfelldu samgöngukerfi og auka umferðaröryggi. Hins vegar er ekki talin þörf á mislægum gatnamótum á vegarkafli miðað við það umferðarmagn sem er í dag.

#### 4.5 Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir

Tillaga að skipulagsmörkum fyrir Vesturlandsveg skarast við eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

- Deiliskipulag fyrir Skarhólabraut að Desjamýri, staðfest dags. 12.03.2008, m.s.br.

- Deiliskipulag Hulduhólasvæðis, staðfest dags. 10.11.2004, m.s.br.
- Deiliskipulag miðbæjar Mosfellsbær 2010, endurskoðun, staðfest dags. 22.12.2010, m.s.br.
- Miðbær sunnan gamla Vesturlandsveggar, staðfest dags. 28.10.1998, m.s.br.

Miðað er við að breyta mörkum ofangreindra áætlana samhliða vinnu við deiliskipulag Vesturlandsveggar.

## 5 Umhverfismat áætlunarinnar

Umfjöllun um umhverfisáhrif miðar að því að fjalla um þá umhverfisþætti sem líklega verða fyrir áhrifum deiliskipulags.

- ▶ Hljóðvist: Reiknaður verður hljóðstyrkur frá umferð árið 2030 í samræmi við reglugerð nr. 724/2008. Gerð verður grein fyrir því hvort að hljóðvist við íbúðarhús fari yfir mörk reglugerðar.
- ▶ Minjar: Kortlagt verður hvort minjar séu innan skipulagssvæðis, hvort þær verði í hættu, og lagðar til mótvægisáðgerðir.
- ▶ Umferðaröryggi: Lagt mat á umferðaröryggi með tilkomu tvöföldunar.
- ▶ Landnotkun: Lagt verður mat á hvort áætlun hafi áhrif á núverandi landnotkun á skipulagssvæði.
- ▶ Landslag og ásýnd: Lagt verður mat á hvort áætlun hafi veruleg áhrif á ásýnd svæðisins.
- ▶ Náttúrufar: Lagt verður mat á hvort áætlun muni hafa áhrif á náttúrufar og gróður?

## 6 Skipulag og samráð

### 6.1 Framsetning gagna

Gögn verða sett fram í greinargerð ásamt umhverfisskýrslu og deiliskipulagsuppdrætti. Gert er ráð fyrir að breytingar á aðliggjandi deiliskipulagsáætlunum verði settar fram á breytingaruppdráttum.

### 6.2 Samráðs og umsagnaraðilar

Skipulagslýsing ásamt tillögu að deiliskipulagi verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, <http://www.mosfellsbaer.is/>.

Mosfellsbær mun auglýsa kynningu á skipulagsgögnum og senda umsagnarbeðni til helstu umsagnaraðila, sem eru eftirfarandi:

- |                        |   |
|------------------------|---|
| ▶ Skipulagsstofnun     | ▶ Strætó BS                                 |
| ▶ Minjastofnun Íslands | ▶ Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis          |
| ▶ Umhverfisstofnun     | ▶ Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu |
| ▶ Veðurstofa Íslands   | ▶ Landssamtök Hjólreiðamanna                |
| ▶ Orkuveitan og Veitur | ▶ Hestamannafélagið Hörður                  |

### 6.3 Helstu tímasetningar

Gert er ráð fyrir að helstu áfangar skipulagsins verði eftirfarandi:

- |                  |   |
|------------------|---|
| Ágú. 2018        | Kynning á lýsingu verkefnis.  |
| Sept. 2018       | Kynning á vinnslutillögu deiliskipulagsbreytingar.                                      |
| Okt. – nóv. 2018 | Tillaga að deiliskipulagi.  |
| Des. 2018        | Afgreiðsla Mosfellsbæjar og staðfesting Skipulagsstofnunar á gildistöku deiliskipulags. |